

Vegagerðin kt. 680269-2889, Suðurhraun 3, 210 Garðabær, annars vegar, og Hrunamannahreppur, kt. 640169-2309, Akurgerði 6, 845 Flúðir og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Árnes, 804 Selfossi, hins vegar, gera með sér svohljóðandi

SAMNING

um yfirfærslu "eldri brúar" yfir Stóru-Laxá, frá Vegagerðinni til Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

1. gr.

Forsaga

Þann 13. júlí 2023 var ný vegbrú yfir Stóru-Laxá formlega tekin í notkun. Á meðan framkvæmdum stóð hófust viðræður á milli Vegagerðarinnar og ofangreindra sveitarfélaga um mögulegt nýtt hlutverk eldri brúar yfir Stóru-Laxá. Sú brú var byggð árið 1985 og er eftirspennt steinsteypt brú. Er hún einbreidd, með 4 m akreina breidd og 4,7 m heildar breidd.

Árið 2021 kallaði Vegagerðin eftir athugasemdum sveitarfélaganna um mögulegt nýtt hlutverk brúarinnar, þ.e. að brúin yrði nýtt sem reið- og gönguleið. Þann 8. apríl 2021 var málið tekið fyrir á sveitarstjórnarfundum Hrunamannahrepps og tók sveitarstjórn jákvætt í erindið og fól sveitarstjóra að ræða við Vegagerðina um yfirtökuna að gefnum ákveðnum forsendum um ástand og önnur atriði tengdri mögulegri yfirtöku. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tók erindið fyrir á fundi sínum þann 21. apríl 2021 og gerði ekki athugasemd við þá hugmynd að eldri brú yrði notuð sem reiðbrú.

2. gr.

Skil á brú

Með samningi þessum er gengið frá endanlegri yfirfærslu gömlu brúarinnar á Stóru-Laxá og skulu Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur teljast sameiginlegir umsjónaraðilar og veghaldarar hennar frá og með undirritun samnings þessa. Eftir undirritun samningsins verður brúin hluti af stígakerfi sveitarfélaganna.

3. gr.

Ástand við skil

Vegagerðin skal sjá um og greiða fyrir uppsetningu á nýju handriði á brúna sem hæfir reiðbrú auk þess sem fyllt verður í holur í brúargólfinu með viðgerðarsteypu.



Einn aðili frá hvoru sveitarfélagi skal, við verklok ofangreindra verka skv. 1. mgr. 3. gr., framkvæma úttekt og staðfesta að Vegagerðin hafi lokið þeim verkum sem hér eru talin upp.

Reiðstígar hafa verið gerðir út frá brúnni og verða þeir áfram í umsjón og rekstri sveitarfélaganna.

4. gr. Yfirtaka

Vegagerðin mun sjá um og kosta þær aðgerðir sem fjallað er um í 3. grein. Aðilar eru sammála um að með þeim aðgerðum sé umrædd brú í viðunandi ástandi og gera sveitarfélögin ekki frekari kröfur á Vegagerðina um viðhald brúarinnar.

5. gr. Samskipti við landeigendur, skipulagsmál o.fl.

Sveitarfélögin skulu alfarið sjá um samskipti við hlutaðeigandi landeigendur og skulu sjá til þess að þeir séu upplýstir um breytt hlutverk brúarinnar.

Sveitarfélögin skulu afla allra tilskilinna leyfa vegna brúarinnar og nýs hlutverks hennar.

6. gr. Ýmis ákvæði

Sveitarfélögin hafa heimild til þess að skila brúnni til Vegagerðarinnar. Komi til þess, skal Vegagerðin hafa ákvörðunarvald um framtíð brúarinnar, þ.e. hvort ástæða sé til þess að nýta hana frekar eða rífa hana. Verði brúin rifin munu sveitarfélögin ekki taka þátt í kostnaði við rifin.

Sveitarfélögin skulu standa sameiginlega að skilum brúarinnar til Vegagerðarinnar. Skal beiðni um viðtöku berast skriflega til Vegagerðarinnar, ásamt lýsingu á ástandi og viðhaldssögu brúarinnar.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Garðabær, 26.06.2024

Einar M. Magnússon
f.h. Vegagerðarinnar

Sylvía Karen Heimisdóttir
f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Síða 3/4

Aldís Hafsteinsdóttir
f.h. Hrunamannahrepps

Fylgiskjöl:

Stóra-Laxá - Yfirlitsmynd

Vegagerðin

Stóra-Laxá, yfirlitsmynd

